



Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjóri

Dags.: 26. maí 2021

Sendandi: Sviðsstjóri kjarasviðs

Málsnr.: 2103040SA
Málalýkill: 16.22

Efni: Launaþróun sveitarfélaga

- **Kjarasamningsmarkmið Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga vinnur samkvæmt þeirri stefnumörkun í vinnumarkaðsmálum sem samþykkt var af stjórn sambandsins þann 30. nóvember 2018 á grundvelli umfjöllunar á XXXII. landsþingi sambandsins.

Samninganefndin vinnur einnig í samræmi við sameiginlega kjarastefnu ríkis og sveitarfélaga sem er niðurstaða samstarfs þeirra aðila í kjaramálaráði. Var stefnan samþykkt í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd, 21. febrúar 2019. Í stefnunni er sett fram framtíðarsýn og sameiginleg markmið opinberra vinnuveitenda sem miða öll að því að tryggja opinbera þjónustu með hagkvæmum hætti fyrir almenning og stuðla að heilbrigðum vinnustöðum.

Kjarastefnan byggir á hagstjórnarlegum markmiðum fjármálaáætlunar og samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Stefnan styður þannig við samkeppnishæfni þjóðarbúsins, efnahagslega stöðuleika og langtíma jafnvægi opinberra fjármála.

Framgangur kjaraviðræðna og samningsmarkmið sambandsins gagnvart hópum viðsemjenda og einstökum viðsemjendum þess eru ítarlega kynnt og rædd á reglulegum stjórnarfundum sambandsins.

- **Gildandi kjarasamningar Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Kjarasamningar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gerðir voru á tímabilinu frá nóvember 2019 til október 2020 byggja allir á lífskjarasamningnum sem gerður var vorið 2019 á almennum vinnumarkaði.

- **Hækkun launa**

Launahækkanir fylgdu taxtahækkunum lífskjarasamningsins, sem voru eftirfarandi krónutöluhækkanir:


- 1. janúar 2020 17.000 kr.
- 1. apríl 2020 24.000 kr.
- 1. janúar 2021 24.000 kr.
- 1. janúar 2022 25.000 kr.

- **Kostnaðarmat**

Mat SNS á almennri hlutfallslegri grunnkaupshækkun kjarasamninga er sem hér segir eftir bandalögum stéttarfélaganna fyrir tímabilið mars 2019 til janúar 2021:

- ASÍ 21,4%
- BHM 14,1%
- BSRB 20,5%
- KÍ 12,1%

Athuga ber að inn í þessum tölum er svokallað launaþróunartrygging (1,7%) hjá aðildarfélögum ASÍ og BSRB.



Á myndinni hér að framan má greina breytingu grunnlauna kjarasamninga RVK-borgarar og annarra sveitarfélaganna (SNS) við aðildarfélög helstu stéttarsambanda tímabilið mars 2019 til janúar 2021. Appelsínugulu súlurnar sýnir mælingu Hagstofunnar án RVK, þær gráu mælingu SNS, þær gulu mælingu Hagstofu á RVK og bláu sýnir mælingu RVK. Ef breytingar hjá einstökum stéttasamböndum er skoðaðar kemur í ljós að Hagstofan mælir breytinguna meiri en RVK og SNS yfir tilgreint tímabil. Mælingar RVK og SNS eru gegnum gangandi á svipuðu róli. Helstu skýringar á hærri mælingu Hagstofu en SNS liggur m.a. í því að Hagstofan er búin að reikna með áhrifum af styttingu vinnuvikunnar inn í grunnlaunin en ekki SNS. Einnig ber að hafa í huga að Hagstofa mælir í sínum tölum launhækkunir vegna framgang einstakra starfsmanna vegna starfsreynslu, aukinnar menntunar o.fl.

Heildarkostnaðarmat SNS á kjarasamningum sambandsins (án vinnutímastyttingar) fyrir tímabilið mars 2019 til janúar 2022 (allt samningstímabilið nema KÍ en þar renna kjarasamningar út í árslok 2021):

- ASÍ 28,7%
- BHM 18,5%
- BSRB 26,9%
- KÍ 13,1%

Há hlutfallshækkun launa starfsmanna sveitarfélaga í ASÍ og BSRB skýrist af samsetningu starfmannahópsins, en stór hluti þeirra starfa sem unnin eru af þessum hópi krefst ekki fagmenntunar starfsmanna og teljast því til láglaunastarfa.

Pegar launahækkunir eru í formi krónutöluhækkana hækkar þessi hópur hlutfallslega mest miðað við aðra starfmannahópa sem hafa hærri laun.

Sambærilegir hópar hjá ríki eru mjög fámennir og hafa því lítil áhrif á almenna hlutfallshækkun launa hjá ríkinu.

Samanburður við sömu krónutöluhækkunir launa á almennum vinnumarkaði eru einnig mjög skekktar vegna þess að þar eru undir hópar með miklu meiri breidd í launum s.s. félagsmenn í VR.

- **Efling**

Í kjölfar samninga Reykjavíkurborgar við Eflingu þar sem félagið náði fram hækkunum sem voru umfram lífskjarasamninga urðu hörð verkfallsátök við SNS vegna nokkurra sveitarfélaga utan Reykjavíkur. Langmestu áhrif þeirra átaka urðu í Kópavogi.

SNS gat ekki stefnt öllum gerðum kjarasamningum í hættu með því að verða við kröfum Eflingar. Til að höggva á þennan erfiða hnút sendu bæjarstjórar viðkomandi sveitarfélaga þ.e. í Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Ölfusi frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar um sérstakar greiðslur sem greiddar yrðu Eflingarstarfsmönnum á samningstímanum. Umframkjörin voru ákvörðuð af bæjarstjórunum og voru ekki hlut kjarasamningsins. Þessar hækkunir hafa ekki breitt úr sér til annarra sveitarfélaga.

- **Stytting vinnutíma**

Ríkið gekk fyrst fram og samdi um styttingu vinnutíma við BSRB haustið 2019. Reykjavíkurborg hafði einnig ákveðið að semja um styttingu vinnutíma eftir árangursríkst tilraunaverkefni þess efnis. Sambandið hafði því litlar varnir til að standa gegn því að fylgja fordæmi ríkisins og Reykjavíkurborgar. Ef Sambandið hefði eitt fulltrúa launagreiðenda ætlað að standa gegn styttingu vinnutíma hefði það án efa verið knúið fram með mikilum átökum af hálfu stéttarfélaganna.